

Sveitamennt – styrkur þinn til náms

Styrkir til einstaklinga vegna náms og almennra námskeiða

Félagsmenn aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands
á landsbyggðinni geta sótt um styrki til Sveitamenntar
fyrir námi og námskeiðum.

Umsóknum skal skila til viðkomandi stéttarfélags
sem sér um afgreiðslu á einstaklingsstyrkjum.



Sveitamennt

Að Sveitamennt standa Samband Íslenskra sveitarfélaga og
aðildarfélög Starfsgreinasambands Íslands á landsbyggðinni gagnvart
þeim sem starfa hjá sveitarfélögum og stofnunum þeirra.

www.sveitamennt.is • sími 599 1450 • sveitamennt@sveitamennt.is

Styrkir til almennra og starfstengdra námskeiða og náms

Sveitamennt styrkir m.a. starfstengt nám og námskeið, almennt nám til eininga, tungumálanámskeið, þ.m.t. íslenskunámskeið, og fleiri námskeið sem nýtast í lífi og starfi.

Sjá nánar um reglur sjóðsins á heimasíðu www.sveitamennt.is og einnig hjá viðkomandi stéttarfélagi.

Veittur er styrkur allt að kr. 130.000.- á ári en þó að hámarki 75% - 90% af kostnaði við nám/námskeið.

Ef ekki er nýttur styrkur úr sjóðnum í þrjú ár eða lengur er hægt að sækja um allt að kr. 390.000.- fyrir einu samfelldu námi (skv. síðustu breytingum á reglum sjóðsins f.o.m. 1. jan. 2020)

Sveitamennt veitir einnig styrki vegna ferða-og dvalarkostnaðar í tengslum við nám/námskeið. Þegar slíkur styrkur er veittur þá dregst hann frá hámarksstyrk hverju sinni sem er kr. 130.000.- á ári.

Veittir eru styrkir til tómsundanámskeiða allt að kr. 30.000.- á ári en þó að hámarki 75% af kostnaði. Tómsundastyrkur dregst frá hámarksstyrk hverju sinni.

Umsóknareyðublöð eru aðgengileg á heimasíðu Sveitamenntar. Umsókn er skilað til viðkomandi stéttarfélags umsækjanda sem einnig veita nánari upplýsingar.

Með umsókn þarf að fylgja:

- Reikningur/kvittun frá fræðsluaðila sem er á nafni félagsmanns þar sem fram kemur nám/námskeið.
- Reikningur má ekki vera eldri en 12 mánaða gamall.
- Ekki er hægt að sækja um styrk oftari en einu sinni með sama reikningi.

Kynntu þér möguleikana á **www.sveitamennt.is**